

Bæjarstjórn - 1913

## FUNDARBOÐ

**1913. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 21.  
júni 2023 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

- 1. 2205668 - Kosning forseta bæjarstjórnar, varaforseta og skrifara 2022 - 2026**

Kosning

- 2. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar**

Kosið í ráð og nefndir til eins árs.

Kosið til 1 árs:

Bæjarráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Fjölskylduráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Fræðsluráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Umhverfis- og framkvæmdaráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Skipulags- og byggingarráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Íþróttá- og tómstundanevnd 3 aðalmenn, 3 varamenn

Menningar- og ferðamálanefnd 3 aðalmenn, 3 varamenn

Stjórn Hafnarborgar 2 aðalmenn auk bæjarstjóra

Forsetanevnd Forsetar sjálfkjörnir

- 3. 1502214 - Markaðsstofa Hafnarfjarðar**

Breyting á stjórn.

Nýr aðalfulltrúi í stjórn:

Linda Hrönn Þórisdóttir, Eskivöllum 5, 221 Hafnarfjörður (B). Kemur í stað  
Þóreyjar Önnu Matthíasdóttur.

- 4. 2305391 - Hryggjarás 13, umsókn um lóð**

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15.júní sl.

Lögð fram lóðarumsókn Guðmundar Steindórssonar og Daisy Heimisdóttur um  
lóðina nr. 13 við Hryggjarás.

Alls bárust 2 umsóknir um lóðina og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum.  
Dregin er út umsókn Guðmundar Steindórssonar og Daisy Heimisdóttur og  
leggur bæjarráð til að lóðinni verði úthlutað til þeirra.

Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**5. 2305476 - Hryggjarás 13, umsókn um lóð**

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15.júní sl.

Alls bárust 2 umsóknir um lóðina og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum.

Dregin er út umsókn Guðmundar Steindórssonar og Daisy Heimisdóttur og leggur bæjarráð til að lóðinni verði úthlutað til þeirra.

Bæjarráð samþykkir að lóðin Hryggjarás 23 sem umsækjendur Orri

Guðmundsson og Vigdís Svavarsdóttir sóttu um til vara verði úthlutað til þeirra.

Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**6. 2303981 - Hvaleyrarvatnsvegur 10, umsókn um lóð**

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15.júní sl.

Lögð fram lóðarumsókn Mílu hf. um lóðina nr. 10 við Hvaleyrarvatnsveg.

Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni að Hvaleyrarvatnsvegi 10 til Mílu hf.

Vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

**7. 2306213 - Skarðshlíð, breyting á deiliskipulagi**

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.júní sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags Skarðshlíðar. Um er að ræða breytingu á kafla 4.10 vegna girðinga.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Vísað til bæjarstjórnar

**8. 2306366 - Suðurgata 44, breyting á aðalskipulagi**

12.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.júní sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna niðurrifsheimildar að Suðurgötu 44.

Skipulags- og byggingarráð heimilar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og samþykkir að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna heimildar til niðurrifs Suðurgötu 44 verði auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi Suðurgötu, Hamarsbrautar og Strandgötu vegna breytinga að Suðurgötu 44 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Fulltrúi Viðreisnar í ráðinu bókar: Fyrir liggur álit Minjastofnunar frá 2015, þar sem fram kemur að stofnunin geti ekki samþykkt niðurrif byggingar á lóðinni. Álit þetta kom aldrei til umræðu við meðferð á tillögu að breyttu deiliskipulagi 2022. Núverandi bygging fellur undir ákvæði 30. gr. laga um menningarminjar og er niðurrif tilkynningarskylt til Minjastofnunar. Það er því augljóst að rétt er að leita álits stofnunarinnar áður en farið verður í frekari skipulagsvinnu í andstöðu við álit frá 2015.

Vísað til bæjarstjórnar

**9. 2306365 - Suðurgata 44, breyting á deiliskipulagi**

13.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.júní sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Suðurgötu, Hamarsbrautar og Strandgötu vegna breytinga að Suðurgötu 44.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurgötu, Hamarsbrautar og Strandgötu vegna breytinga að Suðurgötu 44 samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna heimildar til niðurrifs Suðurgötu 44 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Vísað til bæjarstjórnar

**10. 2303359 - Aðgengi bæjarfulltrúa að gögnum, verklagsreglur**

2.liður úr fundargerð forsetanefndar frá 19.júní sl.  
Til afgreiðslu.

Forsetanefnd samþykkir fyrirbyggjandi verklagsreglur og vísar í bæjarstjórn til staðfestingar.

**11. 2304615 - Málefni heimilislausra**

Hér eru þær tillögur sem fulltrúar Samfylkingarinnar munu leggja fram undir þessum lið en greinargerð verður lögð fram með tillögunum á fundinum sjálfum:

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögur:

1. Bæjarstjórn felur fjölskylduráði að móta heildstæða stefnu málefnum heimilislausra með flóknar þjónustuparfir og gera málaflokkinn sýnilegri í heildarstefnum og aðgerðaáætlunum sveitarfélagsins. Stefnumörkunin skal byggð á niðurstöðum skýrslu samstarfsverkefnis Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
2. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrir sitt leyti að komið verði á fót sameiginlegum samstarfsvettvangi Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness í málefnum heimilislausra með flóknar þjónustuparfir. Sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs er falið að upplýsa hin sveitarfélögin um niðurstöðu bæjarstjórnar.
3. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrir sitt leyti að setja á fót sameiginlegt vettvangs- og ráðgjafarteymi að fyrirmynd Reykjavíkur og Akureyrar í samstarfi við aðildarsveitarfélög samstarfsverkefnisins. Sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs er falið að upplýsa hin sveitarfélögin um niðurstöðu bæjarstjórnar.
4. Bæjarstjórn felur fjölskylduráði að leggja mat á þörf fyrir uppbyggingu sértækra húsnæðisúrræða fyrir heimilislaus með flóknar þjónustuparfir í Hafnarfirði. Matið skal bæði taka til tímabundinna úrræða og langtímaúrræða.

**Fundargerðir**

**12. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fjölskylduráðs frá 12.júní sl.  
Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.júní sl.  
Fundargerð bæjarráðs frá 15.júní sl.

- a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 31.maí sl.
  - b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 5.júní sl.
  - c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 7.júní sl.
  - d. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2.júní sl.
  - e. Fundargerð stjórnar SSH frá 5.júní sl.
- Fundargerð fræðsluráðs frá 14.júní sl.
- a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 6.júní sl.
- Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 14.júní sl.
- Fundargerð forsetanefndar frá 19.júní sl.

**13. 2306458 - Sumarleyfi bæjarstjórnar**

Til afgreiðslu.

19.06.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri